

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2437/2000

frá 3. nóvember 2000

um varanlegt leyfi fyrir aukefni og bráðabirgðaleyfi fyrir ný aukefni í fódri

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1887/2000 ⁽²⁾, einkum 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að leyfa skuli ný aukefni eða nýja notkun aukefna með hliðsjón af framförum á sviði vísinda og tækni.
- 2) Í 9. gr. d í tilskipuninni er kveðið á um að leyfa skuli aukefni af tegund sem er skráð í II. hluta viðauka C við tilskipunina ef, að undangengnu mati á skjölunum, öll skilyrði sem mælt er fyrir um í 3. gr. a í tilskipuninni eru uppfyllt.
- 3) Í 9. gr. e í tilskipuninni er kveðið á um að heimilt sé að leyfa aukefni af sömu tegund til bráðabirgða í allt að fjögur ár ef, að undangengnu mati á skjölunum sem um getur hér að framan, skilyrði b- til e-liðar 3. gr. a í tilskipuninni hafa verið uppfyllt og ef telja má með réttu, með hliðsjón af fyrirliggjandi niðurstöðum, að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í a-lið 3. gr. a, hafi einnig verið uppfyllt.
- 4) Matið á skjölunum, sem lögð voru fram, sýnir að örveruefnablandan, sem lýst er í I. og II. viðauka við þessa reglugerð, uppfyllir skilyrði b- til e-liðar 3. gr. a í þessari tilskipun. Enn fremur uppfyllir hún skilyrði a-liðar 3. gr. a þegar hún er notuð á mjólkurgrísi.
- 5) Einnig má telja með réttu, með hliðsjón af fyrirliggjandi niðurstöðum, að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í a-lið 3. gr. a, séu uppfyllt hvað varðar notkun sömu örveruefnablöndu fyrir þá flokka dýra sem skráðir eru í II. viðauka við reglugerðina.
- 6) Matið á skjölunum, sem lögð voru fram, sýnir að ensímefnablöndurnar, sem lýst er í III. viðauka við þessa reglugerð, uppfylla skilyrðin fyrir bráðabirgðaleyfi sem tilgreind eru í 9. gr. e í tilskipuninni þegar

hún er notuð á þá flokka dýra og í samræmi við önnur ákvæði sem tilgreind eru í III. viðauka við þessa reglugerð.

- 7) Ákvæðin í tilskipun ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ⁽³⁾ og viðkomandi sértilskipunum, einkum tilskipun ráðsins 90/679/EBE ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/65/EB ⁽⁵⁾ um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum, gilda að fullu að því er varðar starfsmenn sem meðhöndla aukefni í fódri.
- 8) Vísindanefndin um fóður hefur sent frá sér jákvætt álit um skaðleysi þessara efnablandna ensíma og örvera og um hagstæð áhrif örveruefnablöndunnar á mjólkurgrísi.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samkvæmt tilskipun 70/524/EBE skal leyfa efnablönduna, sem tilheyrir flokknum „örverur“ og tilgreind er í I. og II. viðauka við þessa reglugerð, sem aukefni í fódri samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í sömu viðaukum.

2. gr.

Samkvæmt tilskipun 70/524/EBE skal leyfa efnablöndurnar, sem tilheyra flokknum „ensím“ og tilgreindar eru í III. viðauka við þessa reglugerð, sem aukefni í fódri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í sama viðauka.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.⁽¹⁾ Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.⁽²⁾ Stjtíð. EB L 227, 7.9.2000, bls. 13.⁽³⁾ Stjtíð. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.⁽⁴⁾ Stjtíð. EB L 374, 31.12.1990, bls. 1.⁽⁵⁾ Stjtíð. EB L 335, 6.12.1997, bls. 17.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.
Gjört í Brussel 3. nóvember 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

EB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
					CFU/kg heilfóðurs			
E 1700	<i>Bacillus licheniformis</i> (DSM 5749) <i>Bacillus subtilis</i> (DSM 5750) (Í hlutfallinu 1/1)	Blanda <i>Bacillus licheniformis</i> og <i>Bacillus subtilis</i> með lágmarks- aukefnisinnihald $3,2 \times 10^9$ CFU/g ($1,6 \times 10^9$ CFU/g af hvorri bakteríu)	Mjólkurgrísir	2 mánuðir	$1,28 \times 10^9$	$3,2 \times 10^9$	Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun.	Án tímamarka

II. VIÐAUKI

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
					innihald	innihald		
					CFU/kg heilfóðurs			
20	<i>Bacillus licheniformis</i> (DSM 5749) <i>Bacillus subtilis</i> (DSM 5750) (Í hlutfallinu 1/1)	Blanda <i>Bacillus licheniformis</i> og <i>Bacillus subtilis</i> með lágmarks-aukefnisinnihald $3,2 \times 10^9$ CFU/g ($1,6 \times 10^9$ CFU/g af hvorri bakteríu)	Gyltur	15 daga fyrir got og á mjólkurskeiði	$0,96 \times 10^9$	$1,92 \times 10^9$	Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun.	30.9.2001
			Eldissvín	—	$0,48 \times 10^9$	$1,28 \times 10^9$	Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun.	30.9.2001
			Eldiskjúklingar	—	$3,2 \times 10^9$	$3,2 \times 10^9$	Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. Má nota í fóðurlöndur sem innihalda hin leyfðu hníslalyf: amprólíum, etópabat díklasúríl, halófúgínón, metýlbensókat/metíklórþindól, natríummónensín, nifúrsól og róbenidín	30.9.2001
			Eldiskalkúnar	—	$1,28 \times 10^9$	$3,2 \times 10^9$	Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. Má nota í fóðurlöndur sem innihalda hin leyfðu hníslalyf: amprólíum, etópabat díklasúríl, halófúgínón, metýlbensókat/metíklórþindól, natríummónensín, nifúrsól og róbenidín	30.9.2001

III. VIÐAUKI

Nr. (eða EB- nr.)	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
					Virknieiningar á kílógramm heilfóðurs			
53	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6 Endó-1,4-beta-glúkanasi EC 3.2.1.4 Alfa-amýlasi EC 3.2.1.1 Basillólýsín EC 3.4.24.28 Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8	Efnablanda endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleiddur með <i>Aspergillus aculeatus</i> (CBS 589.94), endó-1,4-beta-glúkanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (CBS 592.94), alfa-amýlasi, framleiddur með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9553), basillólýsíns, framleitt með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9554) og endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með <i>Trichoderma viride</i> (NIBH FERM BP 4842), með virkni að lágmarki: Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 2 350 U/g ⁽¹⁾ Endó-1,4-beta-glúkanasi: 4 000 U/g ⁽²⁾ Alfa-amýlasi: 400 U/g ⁽³⁾ Basillólýsín: 450 U/g ⁽⁴⁾ Endó-1,4-beta-xýlanasi: 20 000 U/g ⁽⁵⁾	Mjólkur-grísir	2 mánuðir	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 2 350 U Endó-1,4-beta-glúkanasi: 4 000 U Alfa-amýlasi: 400 U Basillólýsín: 450 U Endó-1,4-beta-xýlanasi: 20 000 U	— — — — —	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggglun 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 2 350 U endó-1,4-beta-glúkanasi: 4 000 U alfa-amýlasi: 400 U basillólýsín: 450 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 20 000 U 3. Til nota í fóðurlöndur, auðugar að fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkönnum og arabínoxýlönnum), t.d. þær sem innihalda yfir 25% bygg eða 20% maís.	30.9.2001
			Eldis-kjúklingar	—	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 1 175 U Endó-1,4-beta-glúkanasi: 2 000 U Alfa-amýlasi: 200 U Basillólýsín: 225 U Endó-1,4-beta-xýlanasi: 10 000 U	— — — — —	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggglun. 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 1 175 - 2 350 U endó-1,4-beta-glúkanasi: 2 000 - 4 000 U alfa-amýlasi: 200 - 400 U basillólýsín: 225 - 450 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 10 000 - 20 000 U 3. Til nota í fóðurlöndur, auðugar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkönnum og arabínoxýlönnum), t.d. þær sem innihalda yfir 45% hveiti.	30.9.2001

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
					Virkniefningar á kílógramm heilfóðurs			
54	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6 Endó-1,4-beta-glúkanasi EC 3.2.1.4 Alfa-amýlasi EC 3.4.1.1 Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8	Efnablanda endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleiddur með <i>Aspergillus aculeatus</i> (CBS 589.94), endó-1,4-beta-glúkanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (CBS 592.94), alfa-amýlasi, framleiddur með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9553) og endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með <i>Trichoderma viride</i> (NIBH FERM BP 4842), með virkni að lágmarki: Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 10 000 U/g ⁽¹⁾ Endó-1,4-beta-glúkanasi: 120 000 U/g ⁽²⁾ Alfa-amýlasi: 400 U/g ⁽³⁾ Endó-1,4-beta-xýlanasi: 210 000 U/g ⁽⁵⁾	Eldiskjúklingar	—	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 1 000 U Endó-1,4-beta-glúkanasi: 12 000 U Alfa-amýlasi: 40 U Endó-1,4-beta-xýlanasi: 21 000 U	— — —	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggglun. 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 1 000 - 2 000 endó-1,4-beta-glúkanasi: 12 000 - 24 000 U alfa-amýlasi: 40 - 80 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 21 000 - 42 000 U 3. Til nota í fódurblöndur, auðugar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkönunum og arabínoxýlönunum), t.d. þær sem innihalda yfir 45% hveiti.	30.9.2001
55	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6 Endó-1,4-beta-glúkanasi EC 3.2.1.4 Alfa-amýlasi EC 3.2.1.1 Basillólýsín EC 3.4.24.28	Efnablanda endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleiddur með <i>Aspergillus aculeatus</i> (CBS 589.94), endó-1,4-beta-glúkanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (CBS 592.94), alfa-amýlasi, framleiddur með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9553), og basillólýsíns, framleitt með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9554), með virkni að lágmarki: Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 3 000 U/g ⁽¹⁾ Endó-1,4-beta-glúkanasi: 5 000 U/g ⁽²⁾ Alfa-amýlasi: 540 U/g ⁽³⁾ Basillólýsín: 450 U/g ⁽⁴⁾	Mjólkurgrísir	2 mánuðir	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 1 500 U Endó-1,4-beta-glúkanasi: 2 500 U Alfa-amýlasi: 270 U Basillólýsín: 225 U	— — —	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggglun. 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 1 500 - 3 000 U endó-1,4-beta-glúkanasi: 2 500 - 5 000 U alfa-amýlasi: 270 - 540 U basillólýsín: 225 - 450 U 3. Til nota í fódurblöndur, auðugar af fjölsykrum, sterkju og öðrum en sterkju, t.d. þær sem innihalda yfir 35% hveiti og 15% bygg.	30.9.2001

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
					Virkniefningar á kílógramm heilfóðurs			
55 (framhald)			Eldissvín	—	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 1 500 U	—	<p>1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun.</p> <p>2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 1 500 - 3 000 U endó-1,4-beta-glúkanasi: 2 500 - 5 000 U alfa-amýlasi: 270 - 540 U basillólýsín: 225 - 450 U</p> <p>3. Til nota í fóðurlöndur, auðugar af fjölsykrum, sterkju og öðrum en sterkju, t.d. þær sem innihalda yfir 50% bygg.</p>	30.9.2001
					Endó-1,4-beta-glúkanasi: 2 500 U	—		
					Alfa-amýlasi: 270 U	—		
					Basillólýsín: 225 U	—		
			Eldiskjúklingar	—	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 1 500 U	—	<p>1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun.</p> <p>2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 1 500 - 3 000 U endó-1,4-beta-glúkanasi: 2 500 - 5 000 U alfa-amýlasi: 270 - 540 U basillólýsín: 225 - 450 U</p> <p>3. Til nota í fóðurlöndur, auðugar af fjölsykrum, sterkju og öðrum en sterkju, t.d. þær sem innihalda yfir 50% mais eða 50% hveiti.</p>	30.9.2001
				Endó-1,4-beta-glúkanasi: 2 500 U	—			
					Alfa-amýlasi: 270 U	—		
					Basillólýsín: 225 U	—		

Nr. (eða EB nr.)	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
					Virknieiningar á kílógramm heilfóðurs			
55 (framhald)			Varphænur	—	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 1 500 U	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggglun. 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 1 500 - 3 000 U endó-1,4-beta-glúkanasi: 2 500 - 5 000 U alfa-amýlasi: 270 - 540 U basillólýsín: 225 - 450 U 3. Til nota í fôðurlöndur, auðugar af fjölsykrum, sterkju og öðrum en sterkju, t.d. þær sem innihalda yfir 40% maís og 10% rúg.	30.9.2001
				Endó-1,4 beta-glúkanasi: 2 500 U	—			
				Alfa-amýlasi: 270 U	—			
				Basillólýsín: 225 U	—			
56	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6 Endó-1,4-beta-glúkanasi EC 3.2.1.4 Alfa-amýlasi EC 3.2.1.1 Basillólýsín: EC 3.4.24.28	Efnablanda endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleiddur með <i>Aspergillus aculeatus</i> (CBS 589.94), endó-1,4-beta-glúkanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (CBS 592.94), alfa-amýlasi, framleiddur með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9553) og basillólýsíns, framleitt með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9554) með virkni að lágmarki: Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 6 000 U/g ⁽¹⁾ Endó-1,4-beta-glúkanasi: 3 500 U/g ⁽²⁾ Alfa-amýlasi: 1 400 U/g ⁽³⁾ Basillólýsín: 450 U/g ⁽⁴⁾	Eldis-kjúklingar	—	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 6 000 U	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggglun. 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 6 000 U endó-1,4-beta-glúkanasi: 3 500 U alfa-amýlasi: 1 400 U basillólýsín: 450 U 3. Til nota í fôðurlöndur, auðugar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum arabínoxýlönunum og beta-glúkönunum), t.d. þær sem innihalda yfir 40% bygg.	30.9.2001
				Endó-1,4-beta-glúkanasi: 3 500 U	—			
				Alfa-amýlasi: 1 400 U	—			
				Basillólýsín: 450 U	—			

Nr. (eða EB nr.)	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
					Virkniefningar á kílógramm heilfóðurs			
57	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6 Endó-1,4-beta-glúkanasi EC 3.2.1.4 Alfa-amýlasi EC 3.2.1.1 Basillólýsín EC 3.4.24.28	Efnablanda endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleiddur með <i>Aspergillus aculeatus</i> (CBS 589.94), endó-1,4-beta-glúkanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (CBS 592.94), alfa-amýlasi, framleiddur með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9553) og basillólýsíns, framleitt með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9554), með virkni að lágmarki: Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 3 000 U/g ⁽¹⁾ Endó-1,4-beta-glúkanasi: 9 000 U/g ⁽²⁾ Alfa-amýlasi: 540 U/g ⁽³⁾ Basillólýsín: 450 U/g ⁽⁴⁾	Eldiskjúklingar	—	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 3 000 U Endó-1,4-beta-glúkanasi: 9 000 U Alfa-amýlasi: 540 U Basillólýsín: 450 U	— — —	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 3 000 U endó-1,4-beta-glúkanasi: 9 000 U alfa-amýlasi: 540 U basillólýsín: 450 U 3. Til nota í fôðurböndur, auðugar af fjölsykrum, sterkju og öðrum en sterkju (einkum beðmi og hálfbeðmi, t.d. þær sem innihalda yfir 20% sólblómamjöl og 10 % sojamjöl	30.9.2001
58	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6 Endó-1,4-beta-glúkanasi EC 3.2.1.4 Alfa-amýlasi EC 3.2.1.1 Basillólýsín EC 3.4.24.28	Efnablanda endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleiddur með <i>Aspergillus aculeatus</i> (CBS 589.94), endó-1,4-beta-glúkanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> 7 (CBS 592.94), alfa-amýlasi, framleiddur með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9553) og basillólýsíns, framleitt með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9554), með virkni að lágmarki: Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 2 350 U/g ⁽¹⁾ Endó-1,4-beta-glúkanasi: 5 000 U/g ⁽²⁾ Alfa-amýlasi: 400 U/g ⁽³⁾ Basillólýsín: 5 000 U/g ⁽⁴⁾	Mjólkurgrísir	2 mánuðir	Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 2 350 U Endó-1,4-beta-glúkanasi: 5 000 U Alfa-amýlasi: 400 U Basillólýsín: 5 000 U	— — —	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkanasi: 2 350 U endó-1,4-beta-glúkanasi: 5 000 U alfa-amýlasi: 400 U basillólýsín: 5 000 U 3. Til nota í fôðurböndur, auðugar af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum betaglúkönunum og arabínoxýlönunum), t.d. þær sem innihalda yfir 30% bygg.	30.9.2001

⁽¹⁾ 1 U er magn þess ensíms sem leysir 0,0056 míkromól afoxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr beta-glúkani úr byggi við pH 7,5 og 30 °C.

⁽²⁾ 1 U er magn þess ensíms sem leysir 0,0056 míkromól afoxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr karboxýmetylbeðmi við pH 4,8 og 50 °C.

⁽³⁾ 1 U er magn þess ensíms sem klýfur 1 míkromól glúkósíðtenginga á mínútu með vatnsrofi úr vatnsóleysanlegum, víxlengdum sterkjufjölliðum við pH 7,5 og 37 °C.

⁽⁴⁾ 1 U er magn þess ensíms sem gerir 1 míkrogramm af asócaseíni leysanlegt í triklóredíksýru á mínútu við pH 7,5 og 37 °C.

⁽⁵⁾ 1 U er magn þess ensíms sem leysir 0,0067 míkromól afoxandi sykra (xýlósajafngilda) á mínútu úr xýlani úr birkiviði við pH 5,3 og 50 °C.